

**35. Karateþing 27. Febrúar 2022.**

**Þingskjal nr. \_\_\_\_\_**

**Íþróttamiðstöðin Laugardal.**

**Tillaga lögð fyrir Karateþing.**

### **Bikarmótaröð KAÍ.**

Tillaga frá Stjórn og Mótanefnd KAÍ um að leggja Bikarmótaröð KAÍ niður tímabundið. Ekki verði keppt á Bikarmótaröðinni árið 2022. Hægt er að endurvekja Bikarmótaröðina síðar ef áhugi verður fyrir því.

### **Greinargerð.**

Bikarmótaröð KAÍ var komið á árið 1996 af tilstuðlan Halldórs Svavarssonar, þáverandi landsliðsþjálfara í kumite, til að auka keppnisreynslu landsliðsfólks en til þess tíma höfðu einungis verið 2 Íslandsmeistaramót á ári, annað í kata og hitt kumite og farið var á fá mót erlendis.

Nú er svo komið fáeinir keppendur taka þátt á bikarmótum sambandsins og er fleira starfsfólk á mótunum en keppendur. Einnig er farið í mun fleiri keppnisferðir á erlend mót auk erlendra æfingabúða á hverju ári en þegar til bikarmótanna var stofnað. Forsendur fyrir bikarmótunum eru því að mestu horfnar.